

Nd.

90. Nefndarálit

[12. mál]

um frv. til laga um festingu verðlags og kaupgjalds.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað málið, og eru nefndarmenn sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt.

Ólafur Björnsson og Jóhann Hafstein taka fram eftirfarandi:

„Meginefni frv. þessa er annars vegar ákvæði um almennt bann við verðhækkunum, hins vegar ákvæði um það, að eigi skuli greidd hærri dýrtíðaruppbót á kaup en nemur 78% grunnlauna og verð landbúnaðarafurða ákveðið í samræmi við það.

Ákvæði frv. um verðfestingu eru að því leyti óþörf, að full heimild er til slíkra ráðstafana í eldri lögum, sbr. l. nr. 35 1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm. Megintilgangur frv. virðist því sá að koma í veg fyrir áframhaldandi verðhækkanir með því að ákveða með lögum, að greitt skuli lægra kaup en launþegum ber samkvæmt gildandi samningum við atvinnurekendur og lækka verð landbúnaðarvara í samræmi við það.

Hér er vissulega um gagnvera og örlagaríka breytingu að ræða frá núverandi skipan þessara mála, sem grundvallast á frjálsum samningsrétti launþegasamtakanna um kaup og gjör meðlima sinna. Við teljum varhugavert, að þeirri skipan verði breytt, nema alveg óvenjulegar kringumstæður séu fyrir hendi.

Að áliti ríkisstjórnarinnar eru ráðstafanir þessar óhjákvæmilegur undirbúningur síðari aðgerða til úrlausnar efnahagsvandamálunum. Hvort svo sé, verður eigi um dæmt fyrr en vitað er, hverjar ráðstafanir eru fyrirhugaðar í því efni.

En meðan eftir því er beðið, teljum við eftir atvikum rétt, að Alþingi staðfesti þessar bráðabirgðarástafanir, þótt við teljum meðferð málsins af hálfu ríkisstjórnarinnar mjög gallaða. Það er og í fullu samræmi við fyrri afstöðu sjálfstæðismanna, að unnið sé gegn verðbólgu með hverjum þeim úrræðum, er tiltækileg eru.“

Í tilefni af framanritaðri athugasemd tveggja nefndarmanna, ÓB og JóH, vill meiri hluti nefndarinnar, EmJ, EO1 og SkG, taka þetta fram:

„Bráðabirgðalögin frá 28. ágúst s. l. voru sett til þess að koma í veg fyrir áframhaldandi hækkun verðlags og kaupgjalds, á meðan athugun færi fram á varanlegri lausn efnahagsvandamála. Lögin voru sett í samráði við fulltrúa verkalyðsamtakanna og bændastéttarinnar og með þeirra samþykki. Á nýafstöðnu þingi Alþýðusambands Íslands var samþykkt ályktun, þar sem lýst var fullum stuðningi við þá ákvörðun sambandsstjórnarinnar að stuðla með samþykki sínu að útgáfu bráðabirgðalaganna um festingu vísitölu og verðlags, og enn fremur lýsti Alþýðusambandsþingið yfir því áliti sínu, að með þeirri ráðstöfun hafi ekki verið rýrður kaupmáttur vinnulauna.

Með ákvæði í 4. gr. bráðabirgðalaganna var bannað til ársloka 1956 að hækka söluverð innanlands á öllum vörum í heildsölu og smásölu svo og á hvers konar verðmæti og þjónustu frá því, sem var 15. ágúst 1956. Við litum svo á, að ný laga-fyrirmæli hafi verið nauðsynleg til þess að banna verðhækkanir eins og hér er gert, því að heimild til þess hafi ekki verið í eldri lögum. Til stuðnings þessari skoðun má benda á, að í 4. gr. laga nr. 35/1950, um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm, eru fyrirmæli um, að allar verðlagsákvæðanir skuli miða við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Með verðhækkunarbanninu er þetta lagaákvæði raunverulega numið úr gildi um nokkurra mánaða skeið, en til þess þurfti ný lög.

Við teljum og, að rétt hafi verið að gefa út bráðabirgðalögin á þann hátt, sem gert var.“

Alþingi, 26. nóv. 1956.

Skúli Guðmundsson, Emil Jónsson, Einar Olgeirsson.
form., frsm. fundaskr.

Ólafur Björnsson. Jóhann Hafstein.